

23 varið til hjálpar fátaekum, ungum piltum, sem sýkst hafa af öðrum sóttnæmum
29. mars sjúkdómum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal stjórn sjóðsins hafa lokið reikningum sjóðsins fyrri hluta janúarmánaðar ár hvert, og senda þá endurskoðendum sjóðsins, sem kosnir eru með sama hætti og stjórn hans, af kvenfjlaginu „Hringurinn“.

24 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð fyrir góða
6. apríl meðferð á búpeningi í Mosvallahreppi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 6. apríl 1922. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagskrá

fyrir

Verðlaunasjóð fyrir góða meðferð á búpeningi í Mosvallahreppi.

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður fyrir forgöngu Jóns Guðmundssonar á Veðrará ytri, með samskotum á aðalfundi Búnaðarfjelags Mosvallahrepps, sem haldinn var í Hjarðardal ytri föstudaginn 6. febrúar 1920.

2. gr.

Sjóðurinn er að upphæð kr. 100 — eitt hundrað krónur — sem ávaxta skal í sparisjóði eða banka, þar sem víska er fyrir að sjóðurinn sje jafnan áreiðanlega trygður.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en auka skal hann með því, að bæta við hann árlega vöxtunum, gjöfum til hans og öðrum óvissum tekjum, þar til hann er orðinn að upphæð 500 kr. Þegar sjóðurinn hefir náð þessari upphæð, má fyrst fara að veita verðlaun úr honum; þó skal halda áfram að bæta við hann $\frac{1}{4}$ vaxtanna og þar að auki því af vöxtunum, sem ekki verður varið

til verðlauna árlega, sbr. 4. gr. Bæði þessi aukning sjóðsins, gjafir til hans og aðrar óvissar tekjur skulu vera óskerðanleg eign hans.

24
6. apríl

4. gr.

Verðlaun skulu fyrst um sinn vera tvenn, $\frac{2}{3}$ og $\frac{1}{3}$ af vöxtum þeim, er úthluta má. En þegar vextirnir eru orðnir svo miklir, að úthluta megi yfir 50 krónum á ári, má fjölga hinum árlegu verðlaunum. Hæstu verðlaun mega þó eigi verða yfir 50 krónur. Eigi má veita sama manni verðlaun oftár en fimta hvert ár. Við útbýting verðlaunanna skal taka tillit til skepnufjöldans, sem maðurinn hirðir eða hefir umsjón með, því hægra er að hirða fátt en fjölda margt svo vel fari. Komi fyrir eitthvert ár, að enginn saki um verðlaun úr sjóðnum eða enginn umsækjandi þyki verðlaunanna verður, skal leggja það fje sem þannig sparast við höfuðstólinn, og ávaxta það í sambandi við hann.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 2000 krónur, skal heimilt að verja nokkru af vöxtum hans árlega eða á nokkurra ára fresti til styrks handa efnilegum, ungum manni til fjárræktarnáms, annaðhvort hjer á landi eða erlendis.

6. gr.

Hinum árlegu vöxtum sjóðsins, að frádregnum $\frac{1}{4}$, sbr. 3. gr., skal verja til verðlauna handa hreppsþúum fyrir framúrskarandi meðferð á skepnum.

Sem dæmi upp á verðlaunaverðar framkvæmdir skal nefna: Skynsamlegar kynbætur sauðfjár, nautpenings og hrossa, afbragðs meðferð þeirra og alla hirðingu; svo og framúrskarandi skepnuhús, heyhlöður, heyverkun og þrifnað í allri umgengni.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera undir umsjón stjórnar Búnaðarfjelags Mosvallahrepps, og ber henni að gæta þess að sjóðurinn sje jafnan áreiðanlega trygður, og að ákvarðanir skipulagsskrár þessarar sjeu uppfyltar. Hún hefir á hendi reikningshald sjóðsins, og annast ávöxtun hans, og skal hún leggja fram reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á aðalfundi búnaðarfjelagsins, sem þá kýs 2 menn til þess að endurskoða reikninginn. Reikningurinn skal svo, að lokinni endurskoðun, liggja hreppsþúum til sýnis á heppilegum stað í hreppnum. Komi það fyrir að Búnaðarfjelag Mosvallahrepps leggist niður, og hatti að starfa, skal sjóðnum stjórnað af hreppsnefnd Mosvallahrepps, og hefir hún sömu skyldum að gæta og að framan er skráð.

8. gr.

Nú vill einhver öðlast verðlaun úr sjóð þessum, og skal hann þá senda

24 umsókn um það til fyrnefndrar stjórnar, ásamt ýtarlegri skýrslu um fram-
6. apríl kvæmdir sínar í því atriði, sem hann sækir um verðlaun fyrir. Umsóknin skal vera komin fyrir nýjár, það ár sem verðlaunin eru veitt fyrir.

9. gr.

Þegar stjórnin hefir fengið umsókn um verðlaun í sínar hendur, útnefnir hún 2 menn, og skal annar vera forðagæslumaður hreppsins — ef nokkur er. Skulu þeir skoða hjá umsækjanda í marsmánuði þegar síðari skoðun fer fram hjá forðagæslumanni, og svo aftur í fardögum, og skal þá sjerstaklega tekið tillit til fódureyðslu og afurða búpeningsins.

Á þessa skipulagsskrá skal útvega konunglega staðfestingu.

Veðrará ytri, 16. nóvember 1921.

Jón Guðmundsson.

Í stjórn Búnaðarf. Mosvallahrepps

Bernh. Halldórsson.

Stefán Pálsson. Magnús G. Jónatansson.

25
7. apríl

Erindisbrjef

fyrir fiskimatsmenn.

1. gr.

Fiskimatsmennirnir eiga að leggja stund á að verða sem færastir í að geta dæmt um gæði saltfiskjar og sem leiknastir í að flokka hann.

2. gr.

Yfirfiskimatsmaðurinn er yfirboðari þeirra og eru þeir aðstoðarmenn hans við fiskimat og umsjón við vigt og útskipun saltfiskjar og hleðslu hans í skipum þeim, sem hann er fluttur út í. Hann kveður þá til vinnunnar og skiftir henni á milli þeirra og segir þeim fyrir verkum.

Þeir skulu vera til taks, þegar hann kallar þá til vinnu við fiskimat.

Ef þeir ætla að verða burt frá heimili sínu nokkuð langan tíma, skulu þeir gjöra honum aðvart um það fyrirfram.